

Athugið!

Næsti Pési kemur út
14. febrúar. Efni þarf að
berast fyrir **8. febrúar.**

Staldrað við um áramót

Það er ánægjulegt að fjölgað hefur umtalsvert í Hrunamannahreppi á árinu 2023 en íbúar 1. desember 2023 voru 898 en þeir voru 874 í upphafi ársins. Hafa því 24 nýir einstaklingar bæst í hóp Hrunamanna á árinu. Fjölgun ársins nemur því rétt um 2,7%. Til gamans má síðan geta þess að heldur hefur nú verið bætt um betur og þegar þetta er skrifað eru íbúar Hrunamannahrepps 912 og hafa aldrei verið fleiri. Ekki er útlit fyrir annað en að þessi þróun muni halda áfram miðað við þann mikla fjölda íbúða sem hér eru í farvatninu og þann áhuga fjárfesta á svæðinu sem við finnum fyrir.



Elsti íbúi Hrunamannahrepps er Karl Gunnlaugsson en hann verður 93 ára í nóvember 2024. Íbúar sem verða níræðir á árinu eða eru orðnir níræðir eru sjö talsins.

Níu börn fæddust á árinu 2023 en árgangurinn sem fæddur er árið 2022 heldur enn sessi sínum sem fjölmennasti árgangur barna og ungmenna í sveitarfélaginu en þau eru 12 alls.

Langfjölmennasti árgangurinn er fæddur árið 1996 en þau eru 24 talsins. Fast á hæla þeirra koma 23 ungmenni sem fædd eru árið 2000 og síðan koma í röð árgangarnir 1994, 1998 og 1999 en hverjum þeirra tilheyra 22 einstaklingar. Maður spyr sig hvað veldur en íbúar fæddir árið 1995 koma svo næstir verandi 20.

Að lokum má geta þess til gamans að meðalaldur íbúa er 39,3 ár og algengast er að karlmenn í Hrunamannahreppi heiti Sigurður eða þá Magnús. Flestar konur heita aftur á móti Margrét eða Anna.

Með ósk um gleðilegt og farsælt nýtt ár færi ég ykkur öllum þakki fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar samverustundir á árinu sem nú er liðið.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri

Árið sem leið og árið sem nú er hafið



Kæru íbúar!

Nýtt ár er hafið með nýjum tækifærum en ekki síður áskorunum. Í upphafi árs er hugur allra hjá Grindvíkingum sem þurfa nú að þola ótrúlega tíma. Ekki er með neinu móti hægt að setja sig í spor þeirra sem upplifa óöryggi, heimilismissi, eldgos í og við heimabæinn og óvissu um lífið fram undan. Því miður virðist svo vera að þær hamfarir sem nú eiga sér stað á Reykjanesi gefi ekki góð fyrirheit um framhaldið. Hljýjar kveðjur sendum við til Grindvíkinga, með ósk um að óvissu og náttúruhamförum linni sem fyrst.

Hér í Hrunamannahreppi var mannlíf með fjölbreyttasta móti og fjölmargir skemmtilegir viðburðir áttu sér stað, oftast að frumkvæði íbúa. Það er ómetanlegt hversu viljugir íbúar eru til að láta gott af sér leiða og auðga um leið samfélagið.

Miklar fjárfestingar árið 2023

Síðastliðið ár var umfangsmikið hér í Hrunamannahreppi og fjárfestingar miklar. Snemma árs kom í ljós að þak Flúðaskóla var mjög illa farið og að bregðast varð við með skjóttum hætti. Sveitarstjórn valdi að fara varanlegustu leiðina sem jafnframt var sú kostnaðarsamasta. Farið var í útboð og þakið endurnýjað ásamt allri efri hæð skólans. Verkið var á áætlun og kostaði framkvæmdir 120 m.kr.. Sveitarstjórn sýndi ábyrgð í rekstri og dró úr fjárfestingu annars staðar til að mæta þessum kostnaði.

Gatnagerð í nýju hverfi fór af stað og eru nú þegar hafnar framkvæmdir við byggingu íbúða við Fannborgartanga. Framkvæmdir eru síðan hafnar við næstu götu í hverfinu, Loðmundartanga, og útlit er fyrir áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Húsnæði að Hrunamannavegi 3, við hlið félagsheimilisins, var keypt. Nýr vatnstankur á Berghylsfjalli vígður og óhætt að segja að hann hafi komið sterkur inn í hitabylgjunni sl. sumar.

Af málefnum heilsugæslu

Gustað hefur um málefni Heilsugæslunnar í Laugarási á liðnu ári. Í upphafi síðastliðins árs hóf Hsu vinnu við að skoða færslu á heilsugæslunni í Laugarási í stærri byggðakjarna hér í uppsveitunum. Það sem kveikti þá umræðu var ekki síst sú staðreynd að apótekið í Laugarási lokaði undir lok árs 2022 með þeim skýringum að ekki væri rekstrargrundvöllur til staðar í Laugarási.

Það verður ekki litið fram hjá því að þróun þéttbýlisins í Laugarási er allt önnur en annarra þéttbýliskjarna í Uppsveitum. Sem dæmi má nefna að árið 1980 bjuggu 100 íbúar í Laugarási og sami fjöldi á Flúðum, í dag búa í Laugarási um 120 íbúar en á Flúðum um 500 íbúar. Allt bendir síðan til þess að íbúum á Flúðum muni fjölga langt umfram það sem gerast mun í Laugarási enda eru núna ríflega 50 íbúðir komnar á framkvæmdastig á Flúðum og gatnagerð heldur áfram af miklum krafti.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur þegar auglýst eftir húsnæði fyrir heilsugæsluna í Uppsveitum. Hrunamannahreppur mun bjóða Hrunamannaveg 3 á Flúðum undir nýja heilsugæslu í Uppsveitum og skila inn til framkvæmdasýslunnar tilboði þess efnis. Það er fagnaðarefni að HSu leggi sig fram um að veita sem besta þjónustu, skapa gott umhverfi og þori að leggja til breytingar í takt við þróun á svæðinu.

Ekkert lát á uppbyggingu árið 2024

Helstu fjárfestingar ársins 2024 felast í kostnaði við innréttingu Hrunamannavegar 3 og gatnagerð í Loðmundartanga. Nýjum tækjasal og starfsaðstöðu fyrir sjúkra-þjálfara á 2. hæð íþróttahúss, endurbótum á gámasvæði og flutningi á ráðhúsi sveitarfélagsins á 2. hæð Félagsheimilisins sem sumir stálminnugir gætu túlkað sem svo að verið væri að flytja ráðhúsið „aftur heim“.

Ráðhúsið er orðið of lítið og í stækkandi sveitarfélagi verður að tryggja viðunandi starfsaðstöðu fyrir starfsfólk sveitarfélagsins. Hér hefur svo dæmi sé tekið ekki verið hægt að hýsa starfsfólk samstarfsverkefna sveitarfélaga í Uppsveitum með góðu móti. Allt lítur út fyrir að rýmið í Félagsheimilinu geti síðan hýst fleiri en starfsfólk sveitarfélagsins svo vonandi verður hægt að bjóða þarna upp á aðstöðu fyrir einstaklinga og/eða fyrirtæki sem þurfa á skrifstofuaðstöðu að halda.

Við þessar breytingar mun bókasafnið flytja og er til skoðunar hvort vel færi um það á jarðhæð félagsheimilisins og verði þar með bæði afgangur ráðhússins en einnig nútímaleg upplýsingamiðstöð ásamt því að þjóna þeim tilgangi sem nú er. Vonum við að íbúar kunni að meta þessa fyrirhuguðu breytingu þar sem umhverfið ætti að verða opnara og notendavænna en nú er.

Sveitarstjórn ákvað, vegna þessara breytinga, að selja fasteignir sínar Akurgerði 4 og 6.

Uppbygging í Laxárhlið og á hálendinu

Það verður að segjast að sá uppgangur sem nú er í gangi hefur jákvæð áhrif og trú fjárfesta á sveitarfélaginu er auðfundinn. Verið er að leggja lokahönd á samning um uppbyggingu við Laxárhlið en sveitarstjórn ákvað á síðasta ári að bjóða út

svæðið í heild sinni. Þessari uppbyggingu verður gerð betri skil síðar en verkefnið fer hratt af stað og ef allt gengur upp munu íbúar verða varir við framkvæmdir á svæðinu frekar fyrr en seinna. Samningur um fimm fjallaskála og svæði á afréttinum er á lokametrunum. Við í sveitarstjórn sem og afréttamálanefnd höfum lagt áherslu á að umhirða og umsjón svæðisins verði til fyrirmyndar og að skálarnir bjóðist öllum ferðahópum. Gaman verður að sjá Kerlingarfjallafólk takast á við þessi verkefni en ljóst er að þar er mikill metnaður fyrir hálendinu eins og dæmin sanna í Kerlingarfjöllum. Þeim í Syðra-Langholti sem séð hafa um skálasvæðin og útleigu þeirra með myndarbrag þökkum við kærlega fyrir virkilega góða umsjón á skálasvæðunum síðustu árin.

Björgunarmiðstöð byggð á Flúðum


Björgunarmiðstöð á Flúðum hlaut fjárveitingu í gegnum Héraðsnefnd Árnesinga núna í haust og þar er uppbygging að fara af stað. En fyrst þarf að vinna breytingu á deiliskipulagi. Miðstöðin verður staðsett í norðurenda bæjarins við lögslóð. Björgunarfélagið Eyvindur og Brunavarnir Árnessýslu munu hanna húsið og skipta á milli sín kostnaði við framkvæmdina. Ljóst er að undirbúningur á slíku verkefni tekur tíma en ef allt fer að óskum munum við sjá jarðvegsframkvæmdir hefjast á árinu.

Farsælt samstarf tekur enda

Í desember sl. barst sveitarstjórn bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem samningi um skólavistun barna á elsta stigi var sagt upp. Samstarfið hefur varað í meira en hálfa öld og verið gjöfult og farsælt. Það hefur reynst börnum okkar og ungmennum vel og okkur vitanlega hefur aldrei borið skugga á. Við höfum ekki farið leynt með þá skoðun okkar að betra væri að flýta sér hægar þegar kemur að breytingum á jafn farsælu samstarfi. Betra hefði verið að taka umræðuna, velta við öllum steinum og taka ákvörðun á grunni þess. Í það minnsta hefði ekki verið úr vegi að þakka fyrir það góða samstarf sem hér virðist vera að ljúka. Með þessu munu verða breytingar á starfi Flúðaskóla þó svo að hér sé útlit fyrir fjölgun barna á grunnskólaaldri til framtíðar litið. Um leið sjáum við að sjálfsögðu tækifæri myndast og um að gera að skoða alla möguleika og tækifæri sem geta skapast við breytingar sem þessar.

Við áramót vil ég þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra störf í þágu okkar allra sem og íbúum fyrir frábært samstarf og samverustundir. Höldum áfram að vera bjartsýn, tökum þátt í félagsstörfum og höfum trú á okkar frábæra samfélagi. Megi árið 2024 verða gott og gjöfult.

Góðar stundir, Jón Bjarnason, oddviti.



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND



Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14
845 Flúðir**

**flight@simnet.is
Sími 699 0757**



Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is

Áfram Hrunamenn!

Körfuknattleikslíð Hrunamanna, meistaraflokkur karla, mætir Skallagrími föstudagskvöldið 26. janúar í Íþróttahúsinu á Flúðum kl. 19:15.

Skallagrímur er rétt örliðið ofar en við í deildinni og því ætti þetta að verða spennandi og skemmtilegur leikur.

Fyrir áhugasama má svo geta þess að Hrunamenn spila næsta leik í Laugardalshöllinni á móti Ármanni föstudaginn 19. janúar og hefst leikurinn kl. 19:15.

Þann 2. febrúar mætir liðið síðan KR á Meistaravöllum.

Körfubolti er góð skemmtun !



Fjárhagsáætlun 2024

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var samþykkt af sveitarstjórn í desember og áfram er gert ráð fyrir miklum fjárfestingum og traustum rekstri.

Gert er ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu í A og B hluta um 89,2 milljónir og fjárfesting áætluð upp á 376,5 milljónir.

Engin ástæða er til annars en að vera bjartsýnn þegar kemur að rekstri sveitarfélagsins enda þótt við séum að fjárfesta mikið þá er okkur að fjölga ört og ef fram fer sem horfir styrkist tekjuhliðin umfram gjaldaliði þar sem innviðir eru nú þegar í stakk búnir til að taka við umtalsverðri fjölgun íbúa án verulegs kostnaðar. Þetta hefur í för með sér bættu nýtingu innviða, bertri þjónustu og lægri álögur til framtíðar.

Gjaldskrár í Hrunamannahreppi eru margar hverjar með þeim lægstu á landinu og áfram verður því þannig háttað. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 var tekið mið af verðbólgu undangenginna tólf mánaða og slíkt er aftur gert nú fyrir árið 2024. Sveitarstjórn hefur þó nú þegar samþykkt að þær hækkningar verði endurskoðaðar komi til þjóðarsáttar í komandi kjarasamningslotu.

Vegna fasteignamatshækkana hér í sveitarfélaginu sem voru 12,8% að meðaltali var ákveðið að lækka álagningarprósentu A-flokks (íbúðarhúsnæðis) úr 0,48% í 0,47%. Það má einnig geta þess að álagningarprósenta C-flokks sem tekur til atvinnuhúsnæðis og annars húsnæðis er 1,32% hér sem er langlægsta álagningarprósenta C-flokks í Uppsveitunum.

Sveitarstjórn samþykkti einnig að hækka frístundastyrk barna og ungmenna í kr. 52.500,- og hvet ég alla til nýta sér hann. Einnig var gerð breyting á útlutunarreglum þannig að nú geta allir frá 0-18 ára nýtt sér frístundastyrkinn.

Skuldaviðmið samstæðu A og B hluta verður 78,3% í árslok 2024. Skuldir sveitarfélagsins eru því langt undir 150% viðmiði fjármálareglna.

Rekstur sveitarfélagsins stendur traustum fótum því þrátt fyrir miklar fjárfestingar og sumar miklar og óvæntar þá jukust tekjur umfram áætlun og því þurfti sveitarsjóður ekki að taka um 80 milljón króna lán sem áætlað var í fjárhagsáætlun 2023.

Jón Bjarnason oddviti



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðaúðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum

Vetraropnun

16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
kl. 16:00 - 20:30

Einnig opið mánu- og fimmtudaga frá
kl. 06:00 - 09:00 (að öðru leyti lokað á
fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
kl. 13:00 - 18:00.

Árskort sem gilda í sundlauginna,
íprótta- og tækjasalinn eru á mjög
hagstæðu verði, aðeins 16.000 kr.
Minum á að hjá flestum stéttar-
félögum er hægt að sækja um styrk.

HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar. Um leið og ég þakka góðar stundir á árinu 2023 leyfi ég mér vitna í lokaorð nýársræðu sem flutt var í Hrepphóla­kirkju nú í byrjun árs:

Elsku vinir. Við heils­umst hér á morgni nýs árs með von í brjósti.

Því trúin okkar er bjartsýnistrú. Jesaja spá­maður leggur þar gott til:

*Statt upp, skín þú, því að ljós þitt kemur
og dýrð Drottins rennur upp yfir þér.
Myrkur grúfir yfir jörðinni
og sorti yfir þjóðunum
en Drottinn er runninn upp yfir þér
og dýrð hans birtist yfir þér.*



Statt upp, skín þú, því ljós þitt kemur. Er þetta ekki góður vegvísir? Eða hvaða draum átt þú fyrir nýja árið? Draumar skipta sköpum. Draumar og vonir eru afl­vakar breytinga. Betri heimur á upphaf sitt í einu skínandi augnabliki. Kom þú fagnandi nýja ár 2024 – í Jesú nafni!

Helgihald síðasta árs var að venju fjölbreytt og vel sótt. Í kirkjubókum presta­kallsins kemur fram að sóknarprestur skírði alls 24 börn á árinu 2023, fermingar­börn síðasta vors voru sautján talsins, hjónavígslur yfir árið voru ellefu og útfarir þrettán. Kórastarfið var sem fyrr öflugt undir stjórn organistanna og utanumhald sóknarnefndarfólks á kirkjuhúsunum okkar og kirkjugörðum er til fyrirmyndar. Ég hlakka til samstarfs og samverustunda á nýja árinu.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Framundan:

Kirkjuskóli í Hrepphóla­kirkju hefst laugardaginn 20. janúar kl. 11.

28. jan.: Guðsþjónusta í Ólafsvalla­kirkju kl. 11 og dægurlagamessa í Hrunakirkju kl. 20:30.

4. feb.: Messa í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

5. feb.(mán): Hversdagsmessa í Hrepphóla­kirkju kl. 20.


Allar upplýsingar um kirkjustarfið má finna á facebook.com/hrunaprestakall.

Dagskrá helgihaldsins fram á sumar verður dreift fljótlega í öll hús í prestakallinu.

Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið (www.rafbokasafnid.is) er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurs- hópa.

Vanti þig númerið á bókasafnskortinu þínu getur þú haft samband með því að senda tölvupóst á netfangið bokasafn@fludir.is eða senda skilaboð í gegnum Facebook-síðu safnsins.



Bókasafnið er opið:

Þriðjudaga	Kl. 19-20
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18
Föstudaga	Kl. 12-14

BÓKASAFN HRUNAMANNA

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook

bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



Fótuaðgerðastofa Öddu Siggu

Miðfelli 2a

Tímappantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum

Sími 861 9682



**Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur**

Axel
Sími 860 7073

Fréttir frá SS

Hinn árlegi deildastjórafundur Sláturfélags Suðurlands var haldinn í starfsstöð félagsins, á Hvolsvelli, föstudaginn 15. des. sl.

Steinþór forstjóri var með greinargóða og fróðlega yfirferð á rekstri félagsins, það sem af er árinu, sem gekk mjög vel.

Nú í byrjun nýs árs verður svo birt heilsársafkoma S.S. Vert er að geta þess, að í máli Steinþórs kom fram, að það vantar tilfinnanlega nautgripakjöt, einkum kýrkjöt í vinnsluna. Biður hann bændur um að taka þetta til athugunar.

Pá tók til máls, gestur fundarins, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna. Honum varð nú ekki „fótaskortur á tungunni“ og flutti hann okkur bæði fræðandi og skemmtilegt erindi úr starfi sínu.

Ég vil minna á deildafundina, sem senn hefjast, vítt og breitt um félagssvæðið. Þar er opin vettvangur fyrir fólk til að fræðast og koma á framfæri hugðarefnum sínum, tengdum félaginu. Þar mæta forstjórinn og fleiri tengiliðir ýmissa deilda innan S.S. Auk þess kjósum við fulltrúa okkar á aðalfundinn. Við munum endurtaka leikinn frá því í fyrra og vera með okkar fund með Laugdælum, Biskupstungnad., Skeiðad., og Gnúpverjad. í **Aratungu þriðjudaginn 20. febrúar nk. kl. 20:30.**

Aðalfundurinn verður svo föstudaginn 15. mars í Goðalandi í Fljótshlíð.

Minni svo á í lokin að stödugt berast fréttir inn á heimasíðu S.S.

Með nýárskveðju og kæru þakklæti fyrir samstarfið á liðnu ári.

*Jóhanna Hrafnkelsstöðum,
deildarstjóri S.S. í Hrunamannahreppi.*



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Skemmtilegar gönguleiðir


Í Hrunamannahreppi eru margar skemmtilegar gönguleiðir en þegar myrkið er sem mest þá eru þær minna freistandi en á sumrin. Hér má sjá gönguleið um miðbæ Flúða sem er nokkurn veginn 1,5 km. Leiðin er að stóru leiti á upphituðum gangstéttum og liggur eftir góðum upplýstum stígum. Þetta er skemmtileg leið sem hentar öllum og því er full ástæða til að hvetja Hrunamenn til að reima á sig gönguskóna og taka góðan göngutúr um miðbæinn með bætta andlega og líkamlega heilsu að markmiði.



Þésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.

Sendið efni og auglýsingar á svanhildur@fludir.is





LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í íþróttahúsinu á Flúðum.


Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþróttá- og heilsufræðingur

Verum sýnileg í skammdeginu

- Endurskinsmerki virka eins og blikkljós þegar ljós skín á þau
- Ökumenn sjá vegfarendur með endurskin a.m.k. 5x fyrr
- Því fyrr sem þú sést - því öruggari ertu

Best er að staðsetja endurskin

- fremst á ermum
- hangandi meðfram hliðum
- á skóm eða buxnakálmum
- á bakpoka eða tösku




HEILSUEFLANDI
Uppsveitir
velliðan fyrir alla

FÁÐU SLYSID BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**
- þú færð þitt

botarettur.is



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)
Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir (svanhildur@fludir.is)
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600
pesi@fludir.is
www.fludir.is